

## Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs suðursvæði 34

### 34. fundur

#### Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

*Fundur haldinn mánudaginn 17. janúar 2013 kl. 16.10 í Ráðhúsinu á Höfn.*

*Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Guðrún Ingimundardóttir, Hildur Þórsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Regína Hreinsdóttir, Þjóðgarðsvörður, Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs var í síma. Hjalti ritaði fundargerð*

#### Dagskrá.

##### 1. Rekstraráætlun 2013.

Regína og Þórður kynntu drög að rekstraráætlun 2013. Þórður gerði grein fyrir aukningu á fjárlögum ársins 2013 frá fyrra ári. Kom fram að síðan 2008 hafa umsvif á suðursvæði nærri því þrefaldast á meðan gjöld umfram sértekjur hafa hækkað mun minna. Samkvæmt drögum eru breytingar þær helstar að gert er ráð fyrir aukningu í launalið um 13% vegna aukinna umsvifa á Höfn og önnur gjöld hækka um 14,7%. Sértekjur hækka að sama skapi um 5,8% en á milli árána 2011 og 2012 hækkuðu þær um 50,6%. Í rekstrarforsendum er gert ráð fyrir tveimur fastráðnum starfsmönnum á Höfn allt árið og þremur í Skaftafelli. Alls eru landvarðavikur 217, þar af 182 í Skaftafelli.

Benti Björn Ingi á að áhugavert væri að sjá yfirlit yfir innkaup á endursöluvörum aðskilið frá rekstrarvörum.

Kom fram hjá Regínu að gestakomur í Skaftafell hafi verið nálægt 300.000 talsins árið 2012.

Svæðisráð samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti.

##### 2. Framkvæmdaáætlun 2013.

Regína og Þórður gerðu grein fyrir framkvæmdaáætlun 2013. Í drögum að framkvæmdaáætlun kemur fram að upplýsinga- og fræðslusýning í Gömlubúð er forgangsverkefni 2013. Margar framkvæmdir bíða í Skaftafelli, s.s. hitaveita, lagfæringar á tjaldstæði, vatnsbóli, gerð göngubrúar yfir Morsá og fleira. Ennfremur rætt um göngustíga að Skaftafellsjökli, Heitulækjum, útivistaraðstöðu við Hjallanes og Söguslóð í Skaftafelli. Þá er stefnan að setja upp merkingar og skilti til leiðbeininga og fræðslu við þjóðveg og áningarstaði.

Hildur spurði um kortagerð af Lónsöræfum og staðsetningu rotþróar við Múlaskála. Sigurlaug upplýsti um stöðu mála varðandi kortagerð og Regína um rotþró.

##### 3. Önnur mál.

Guðrún spurði um hvort haft hafi verið samband af aðilum sem lýstu áhuga sínum um uppbyggingu í Skaftafelli. Hjalti upplýsti um þau samskipti.

Björn Ingi spurði hvort Alpklúbburinn hafi fylgt eftir hugmyndum sínum um uppbyggingu fjallaskýlis. Regína sagðist senda bréf til að upplýsa um afstöðu svæðisráðs frá síðasta fundi.

Sigurlaug spurði um hvar vinna við atvinnustefnu væri stödd. Hjalti og Þórður greindu frá vinnu og umræðu innan stjórnar garðsins. Taldi Þórður raunhæft að ljúka vinnu í vor. Jafnframt upplýst að þjóðgarðurinn sé að vinna að innleiðingu Vakans.

Fundi slitið 17.10